

Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir
Sendandi: Sviðslistasamband Íslands
Lindargötu 6, 101 Rvk.
Netfang: birna@stage.is

Reykjavík, 13. nóvember 2019

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 305 — 276. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Sviðslistasamband Íslands eru heildarsamtök sviðslista á Íslandi. Að baki standa öll fagfélög þeirra starfsgreina sem falla undir sviðslistir, ásamt sjálfstæðum leikhópum, bandalögum og stofnunum innan sviðslista á Íslandi. Að okkar mati er mikilvægt að Sviðslistasambandið haldi hlutverki í lögum að vera ráðgefandi til ráðherra varðandi málefni sviðslista. Við fögnum því að frumvarp til laga um sviðslistir sé nú lagt fram en viljum benda á nokkur atriði sem við teljum að mætti bæta í frumvarpi þessu.

3. gr.

Helstu verkefni.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra leikverka, jafnt eldri verka sem nýrra, og að stuðla að frumsköpun í íslenskum sviðslistum. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggt að á hverju leikári séu frumflutt íslensk leikverk og uppsett verk ætluð börnum og ungu fólki. Leikhúsið annast einnig fræðslu- og kynningarstarf og stendur að leikferðum.

Úr fyrri lögum:

„Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.“ Við búum í alþjóðlegu samfélagi og veltum fyrir okkur ástæðunni fyrir því að taka þetta sérstaklega úr lögum?

4. gr.

Þjóðleikhússtjóri.

Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Þjóðleikhússtjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða reynslu og þekkingu á sviðslistum og starfssviði leikhúss. Auglýsa skal embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Skipa má þjóðleikhússtjóra að nýju til fimm ára en eigi oftár.

Þjóðleikhússtjóri stýrir starfsemi og rekstri Þjóðleikhússins og markar listræna stefnu þess. Hann ræður aðra starfsmenn leikhússins og er í fyrirsvari fyrir það. Þjóðleikhússtjóri situr fundi þjóðleikhúsráðs.

Það er eðlilegt að þjóðleikhússtjóri sitji fundi ráðsins en það geta komið upp þær aðstæður að þjóðleikhúsráð velji að funda án þjóðleikhússtjóra til að mynda þegar staðan er auglýst og þjóðleikhúsráð þarf að fara yfir umsóknir. Slíkt verður að vera heimilt.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð.

Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna þrjá fulltrúa en ráðherra skipar tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í Þjóðleikhúsráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn kynntar fyrir ráðinu. Ráðið setur sér starfsreglur, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess. Þjóðleikhúsráð vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemi Þjóðleikhússins. Stefna Þjóðleikhússins til þriggja ára og ársáætlun skulu lagðar fyrir þjóðleikhúsráð og ber ráðið ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þeirra gagnvart ráðherra.

12. gr.

Listdansráð.

Ráðherra skipar þriggja manna listdansráð Íslenska dansflokksins til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna tvo fulltrúa en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í ráðið lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Listdansráð hefur eftirlit með starfsemi Íslenska dansflokksins og veitir ráðherra reglulega umsögn um stefnu og áætlun hans. Ráðið setur sér starfsreglur.

Við fögnum því að fagfólk skipi meirihluta nefndarinnar en óskum vinsamlegast eftir að skilgreint verði betur hver tilnefningaraðilinn er. Okkar tillaga er að þetta verði svona; "Fagfélög sviðslistafólks innan Sviðslistasambands Íslands tilnefna þrjá fulltrúa."

Við köllum eftir samræmi í störfum listdansráðs og þjóðleikhúsráðs. „Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn kynntar fyrir ráðinu. Ráðið setur sér starfsreglur, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess. Þjóðleikhúsráð vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemi Þjóðleikhússins. Stefna Þjóðleikhússins til þriggja ára og ársáætlun skulu lagðar fyrir þjóðleikhúsráð og ber ráðið ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þeirra gagnvart ráðherra.“

IV. KAFLI

Önnur sviðslistastarfsemi.

15. gr.

Sviðslistaráð.

Ráðherra skipar þriggja manna sviðslistaráð til þriggja ára í senn. Sviðslistasamband Íslands tilnefnir tvo fulltrúa í ráðið en ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Óheimilt er að skipa sama aðalmann í sviðslistaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Innan Sviðslistasambands Íslands starfa saman fag og stéttarfélög, sjálfstæðir leikhópar og stofnanir. Við teljum eðlilegt að sjálfstæðir hópar og stofnanir komi ekki að því að deila út fé til sjálfstæðra hópa. Við óskum eftir að bætt verði inn að "Fagfélög innan Sviðslistasambands Íslands tilnefni tvo fulltrúa á móti einum frá ráðherra."

16. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sitt rækir sviðslistaráð meðal annars með því að:

- veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
- gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn,

- c. gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur sviðslistasjóðs, og
- d. úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði.

Hér viljum við bæta við lið a. og er tillaga okkar þessi; Veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðherra um sviðslistamálefni.

17. gr.

Sviðslistasjóður.

Hlutverk sviðslistasjóðs er að efla íslenskar sviðslistir og kosta önnur verkefni sem falla undir hlutverk og starfsemi á sviði sviðslista. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, deild atvinnuhópa og deild áhugahópa í sviðslistum. Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára.

Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr sviðslistasjóði. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kærur til ráðherra.

Í núgildandi lögum heitir sambærilegt ráð Leiklistarráð og er kostnaður vegna starfa þess greiddur af ríkissjóði eins og kostnaður vegna Þjóðleikhúsráðs. „*Þóknun fulltrúa í leiklistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.*“ Fjármagn til úthlutunar til listamanna úr umræddum sjóði annar engan vegin eftirspurn og óskum við eftir því að umsýslukostnaður verði áfram greiddur úr ríkissjóði. Einnig er það eindregin ósk okkar að framlög til hátíða, kynningarstarfs eða annarskonar verkefna verði ekki tekin úr sviðslistasjóði. Hann er of lítill til þess.

Einnig myndum við vilja sjá skýr skil á milli atvinnufólks í sviðslistum og áhugafólks og algjöra aðgreiningu þegar kemur að styrkveitingum til þessarra hópa. Við mælum með að fyrirkomulag er varðar styrkveitingar til áhugafólks í sviðslistum verði áfram eins og nú er.

18. gr.

Kynningarmiðstöð sviðslista.

Ráðherra er heimilt að setja á fót kynningarmiðstöð sviðslista til að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana.

Mjög áriðandi er fyrir sviðslistafólk á Íslandi að Kynningarmiðstöð sviðslista verði stofnuð. Við myndum vilja sjá skýra ákvörðun um að slík miðstöð verði sett á laggirnar, starfrækt og fjármögnuð að fullu sem fyrst. Til grundvallar leggjum við til Skilagrein starfshóps Sviðslistasambands Íslands frá 2016, sem fylgir í viðhengi. Þar koma fram skýrar hugmyndir Sviðslistasambands Íslands um stofnun og uppbyggingu slíkrar miðstöðvar.

Við leggjum til að greinin verði: “Ráðherra ~~hefur heimild~~ **skal** fela þar til bærum aðila að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana.

Fyrir hönd stjórnar Sviðslistasambands Íslands.

Birna Hafstein, forseti SSÍ

KYNNINGARMÍÐSTÖÐ ÍSLENSKRA SVIÐSLISTA (KÍS)

Tillaga að markmiðum og hlutverki

Starfshópur Sviðslistasambands Íslands
4. maí 2016

Um þessa samantekt

Sviðslistasambands Íslands skipaði á vormánuðum 2016 vinnuhóp til þess að fullvinna hugmyndir að stofnun Kynningarmiðstöðvar íslenskra sviðslista sem lengi hefur legið í loftinu. Hópin skipuðu Ása Richardsdóttir, Ragnheiður Skúladóttir, Kristín Eysteinsdóttir, Ásgerður G. Gunnarsdóttur og Vigdís Jakobsdóttir.

Til grundvallar vinnunni lágu eldri tillögur og samantektir frá Leiklistarsambandinu, drög að sviðslistalögum og drög að samþykktum sem höfðu verið gerðar fyrir miðstöðina.

Vinnuhópurinn ákvað að framkvæma einfalda þarfagreiningu til að styrkja grunn hugmyndavinnunnar enn frekar. Var sendur út spurningalisti á stofnanaleikhús, til sjálfstæðra leikhópa, samtaka og félaga auk sjálfstætt starfandi listamanna. Alls svöruðu 131 aðili könnuninni. Meðal svarenda eru fulltrúar allra helstu sviðslistastofnana landsins, félaga, sviðslistahópa og sjálfstætt starfandi listamenn. Eftirfarandi lýsing á mögulegu rekstrarformi KÍS, tilgangi stofnunarinnar, hlutverki og mögulegum verkefnum byggir á þessum grunni.

Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista

Tilgangur:

KÍS er Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista. Tilgangur KÍS er að efla tengsl og skapa sóknarfæri fyrir íslenskt sviðslistafólk,- félag og -stofnanir á alþjóðlegum vettvangi. KÍS mun sinna fræðslu og ráðgjöf til íslensks sviðslistafólks sem og miðlun upplýsinga um íslenskar sviðslistir, á erlendri grundu.

Rekstrarform:

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun.

Sjá nánar fylgiskjal 1: Tillaga að samþykktum KÍS.

Fjármögnun:

Fjárframlög frá ríki (sbr. aðrar kynningarmiðstöðvar) og verkefnastyrkir úr íslenskum og erlendum sjóðum.

Sjá nánar fylgiskjal 2: Tillaga að fjárhagsáætlun 2017-2019

Meðal verkefna:

Alþjóðlegt samstarf:

- Milliganga um þátttöku íslenskra aðila í alþjóðlegum verkefnum.
- Þátttaka í alþjóðlegum tengslanetum og verkefnum.

Kynningarmál:

- Öflug heimasíða þar sem miðlað er á markvissan hátt upplýsingum um íslenskar sviðslistir með sérstakri áherslu á sýningar sem henta til leikferða.
- Önnur kynning á netinu, s.s. samfélagsmiðlar, regluleg fréttabréf ofl.
- Útgáfa á kynningarefni til dreifingar á viðeigandi vettvangi innlendis og erlendis (sviðslistahátíðum, messum, ráðstefnum).

Fræðsla og ráðgjöf:

- Ráðgjöf til stjórnenda og sviðslistafólks um alþjóðlega tengslamyndun og fjármögnun.
- Standa að málþingum og öðrum viðburðum þar sem íslenskar sviðslistir eru í brennidepli.

Stefnumörkun og rannsóknir:


- Samstarf við aðrar kynningarmiðstöðvar, bæði héraðs og erlendis.
- Ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum í málum er varða íslenskar sviðslistir og erlent samstarf á þeim vettvangi.
- Samantekt og miðlun á upplýsingum er varðar íslenskar sviðslistir á erlendri grund og erlent samstarf.
- Samstarf við háskólastofnanir.

Helstu niðurstöður þarfagreiningar

Áhugi

Afar mikill áhugi er á erlendu samstarfi meðal þátttakenda. Þannig sögðust 93,1% svarenda hafa áhuga á erlendu samstarfi af einhverju tagi. Einungis 1,5% sögðust ekki hafa áhuga og í tilfalli 5,3% átti spurningin ekki við.

Áhuga vekur að 52,7% svarenda eru þegar í einhvers konar erlendu samstarfi. Þegar þeir eru beðnir um að tiltaka eðli þess samstarfs eru svörin afar fjölbreytt. Meðal þess sem nefnt er sem dæmi um erlent samstarf er: Aðild að tengslanetum og samtökum af ýmsu tagi (*IETM, Arctic Circle, Creative Relay, International Federation for Theatre Research, ASSITEJ* ofl.), meðlimur í erlendum sviðslistahópi, samstarf við norræn leikhús, meðframleiðsla, rannsóknarverkefni, erlendir pródúsentar, aðsetur fyrir erlenda listamenn, þátttaka í stökum alþjóðlegum verkefnum, vinnustofudvalir, listamannaskipti, vinnusmiðjur, sýningarferðalög, showcase, stefnumót listafólks, kennsla ofl.



Ljóst er að íslenskt sviðslistafólk er nú þegar í töluverðu samstarfi en að sama skapi er ljóst að áhuginn er enn meiri og töluvert af þessu samstarfi er óformlegt og óreglulegt.

Hlutverk KÍS yrði bæði að styðja við það samstarf sem þegar er til staðar og hvetja til nýrra tenginga.

Áherslur

Langflestir vilja leggja áherslu á **kynningu á starfsemi/verkum íslensks sviðslistafólks og þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum/tengslanetum** þegar þeir eru spurðir hvað KÍS eigi helst að leggja áherslu á í starfi sínu. **Fræðsla og ráðgjöf** kemur þar fast á eftir. Þessar áherslur ríma vel við þær hugmyndir sem Sviðslistasambandið hefur haft um tilgang og hlutverk miðstöðvarinnar.

Þegar spurt er um hverjum þátttakendur myndu helst vilja tengjast á erlendum vettvangi nefna flestir meðframleiðendur (71,8%) og kaupendur (67,2%). Margir vilja líka tengjast erlendum kollegum (61,8%), þá væntanlega með samstarf í huga.

Þegar spurt var nánar um **hvers konar kynningarstarfi** KÍS ætti að standa fyrir var helst kallað eftir sértækri kynningu á hátíðum og leikhúsum. Umfjöllun í fagtímaritum og erlendum vefsíðum um íslenskar sviðslistir var líka ofarlega á blaði, kynning á íslenskum sviðslistum á vefsíðu KÍS og þátttaka/kynning á *showcase* fékk líka mörg atkvæði.

- „Ég myndi líka vilja sjá einhverskonar stuðning KÍS við þau íslensku verk sem frumsýnd eru heima, í formi styrkja til að bjóða prómóterum eða einhverskonar publicity aðgerðaráætlun miðaða að því að koma verkum erlendis.“
- „Aðalatriðið finnst mér vera að búa til fókuspunkta frá ári til árs líkt og Miðstöð íslenskra bókmennta hefur gert, t.d. velja á kynningarlista fyrir ár hvert og keyra þá vel og markvisst.“
- „Sértæka kynningu á alþjóðlegum styrkjum sem og erlendu samstarfi við mismunandi leikhús/venue.“
- „Bein P2P tengsl, ferðastyrkir, aðstoð við að finna co-production/sýningatækifæri.“
- „Kannski eitthvað sem opnar á breiðari skala en bara til leikhúsfólks.“
- „Kynning á starfsemi sviðslista innanlands t.d. fyrir sveitarfélög“
- „Kynningu á umsóknarferli sviðslistasjóða.“
- „Sértæk kynning við bæjarsjóði, fyrirtæki sem styrkja listir og fjársterka aðila sem gætu viljað vera velunnarar leikhóps.“
- „Mikilvægt er að fleiri íslenskir managers séu til taks. fólk sem er með tengslanet út í heim og getur þannig komið íslenskum verkum á framfæri.“
- „Koma Íslendingum á hátíðir og festivöl og banna þeim að tala bara við hvort annað heldur mingla. Mingl kynning!“
- „T.d. með útgáfu bókar/bæklings um ALLT sem er í gangi í listum á ÖLLU Íslandi (mikilvægt að landsbyggðin sé einnig með)“

Lesi má úr svörum þátttakenda að smæð íslenska markaðarins og takmarkað fjármagn í geiranum sé sterkur hvati til erlends samstarfs og útrásar en þar strandi helst á tengsl og upplýsingar. Þar getur kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista sannarlega gegnt mikilvægu hlutverki.

„Við framleiðum sýningar fyrir svo lítinn markað hér heima að það þarf aðstoð við að stækka markaðinn, selja sýningar/verk/lístræn teymi og stækka þannig markaðinn. En listamenn þurfa kynningarmiðstöð til þess og einhvern sem heldur utanum þá vinnu.“

Niðurstaða starfshóps

Starfshópurinn telur að þarfagreining meðal á annað hundrað fagfólks í sviðslistum, leiði í ljós að:

- veruleg þörf er fyrir stofnun KÍS
- atvinnugreinin komi til með að nýta sér þjónustu kynningarmiðstöðvar
- fjölmörg sóknarfæri eru fyrir íslenskrar sviðslistir á alþjóðlegum vettvangi sem ekki eru nýtt í dag

Brýnt er að það verði að formlegri stofnun KÍS sem fyrst og hvetur starfshópurinn Sviðslistasamband Íslands og Mennta- og menningarmálaráðuneytið til taka saman höndum og sjá til þess að Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista verði stofnuð á komandi mánuðum.

Reykjavík 9. maí 2016

Ása Richardsdóttir
Ásgerður G. Gunnarsdóttir
Kristín Eysteinsdóttir
Ragnheiður Skúladóttir
Vigdís Jakobsdóttir